

Fundur starfshóps sveitarstjórna Borgarbyggðar og Húnaþings vestra um málefni Arnarvatnsheiðar- og Tvídægru haldinn á Hvammstanga miðvikudaginn 2. apríl kl. 13:00 - 2014


Leó Örn Þorleifsson, oddviti Húnaþings vestra bauð fundarmenn velkomna um leið og hann setti fund.

1. Norðlingafljót / Samgöngur

Rætt um stöðu verkefnis sem ályktað var um á sameiginlegum fundi sveitarstjórna Borgarbyggðar og Húnaþings vestra sem haldinn var í Áftakróki þann 20. ágúst sl. Páll Brynjarsson, sveitarstjóri greindi frá viðræðum sínum við fulltrúa Vegagerðarinnar í Borgarnesi. Skúli greindi einnig frá viðræðum sínum við fulltrúa Vegagerðarinnar á Hvammstanga um viðhald Arnarvatnsheiðarvegar. Starfshópurinn er sammála um að ítreka ályktanir sveitarfélaganna frá síðasta ári um nauðsyn brúargerðar á Norðlingafljót. Einnig rætt um mikilvægi viðhalds Arnarvatnsheiðarvegar í heild sinni. Sveitarstjórum falið að ræða við fulltrúa Vegagerðarinnar um hönnun, fjármögnun og framkvæmd verkefnisins og kynna fyrir Alþingismönnum Norðvesturkjördæmis, Samgöngunefnd Alþingis, vegamálastjóra og öðrum hlutaðeigandi. Einnig var rætt um mikilvægi fjárframlaga Vegagerðarinnar til viðhalds styrkvega í sveitarfélögunum.

2. Stöðugreining um eflingu ferðapjónustu.

Fjallað um tækifæri á Arnarvatnsheiði til eflingar ferðapjónustu og hvaða hindranir eru í veginum í því efni. Rætt um möguleika þess að unnin verði skýrsla til stöðugreiningar á þeim atriðum sem tækifæri felast í og hvaða hindranir eru í veginum. Í þessu samhengi m.a. rætt um samgöngur, skipulag, verndun umhverfis- og náttúru, hefðbundin not, uppbyggingu þjónustu, skálabyggingar, fjarskipti- og öryggismál, veiðar o.fl. Rædd sú hugmynd að fá atvinnuþróunarskrifstofur landshlutasamtaka SSV og SSV til vinna grunnskýrslu um þessi atriði. Starfshópurinn felur sveitarstjórum að ræða um þetta verkefni við framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna.



3. Þjóðlendumál.

Farið yfir stöðu þjóðlendumála í sveitarfélögunum en fyrir liggur að kröfugerð Óbyggðanefndar til eignarhalds á þinglýstum eignarlöndum sveitarfélaganna eru umtalsverðar.

4. Skipulagsmál.

Farið var yfir atriði er varðar stöðu skipulagsmála í sveitarfélögunum og varða Arnarvatnsheiði og Tvídægru m.a. skilgreinda hverfisvernd heiðarlandanna í Borgarbyggð. Aðalskipulagsgerð er í gangi í Húnaþingi vestra og stefnt að því að þeirri vinnu verði lokið nú í vor. Í þeirri skipulagsgerð er m.a. gert ráð fyrir lækkun vegstæðis um Holtavörðuheiði. Fulltrúar Borgarbyggðar munu kynna þessa áherslu Húnaþings vestra í byggðarráði og sveitarstjórn.

5. Varnargirðingar.

Rætt um skort á viðhaldi MAST á viðhaldi búfjárvarnargirðinga. Sveitarstjórum falið að afla upplýsinga um viðhaldspörf varnargirðingar á mörkum sveitarfélaganna frá viðkomandi fjallskilastjórnnum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:00

Snúi Þorbjörnsson.
Elía R. Kúsi
Ragnur Frank Kinnbjörnsson
Sigrún Hj. Björnsson
Páll S. Þorsteinsson
Lárus Þorsteinsson